

Alþingi
Erindi nr. P 132/1617
komudagur 18.4.2006



Akureyrarbær
Bæjarstjóri

Alþingi - nefndarsvið
b.t.Ingvars Þórs Sigurðssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 11. apríl 2006
Tilvísun: 2006030090 / 01-730

Efni: Lega þjóðvegur 1 milli Blönduóss og Eyjafjarðar

Í tillögu til þingsályktunar nr. 84 er verið að beina því til samgönguráðherra að láta gera samaburð á bestu kostum á legu þjóðvegur nr. 1 um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð. Með þeirri færslu mun þjóðvegur 1 fara um Þverárfjall framhjá Sauðárkróki um Hjaltadal og til Eyjafjarðar um göng milli Hjaltadals og Barkárdals. Með þessari færslu mun vegalengdin milli Reykjavíkur og Akureyrar stytta um 9 km.

Af hálfu Vegagerðarinnar hafa aðrar leiðir til styttingar leiðarinnar á milli Akureyrar og Reykjavíkur verið skoðaðar, eins og t.d. Svínavatnsleið, en með breytingu á henni myndi leiðin stytta um 15 km og breytt þverun Skagafjarðar myndi að auki stytta leiðina um 3.5 km, auk þess sem sú aðgerð myndi stytta leiðina milli Sauðárkróks og Akureyrar um sömu vegalengd.

Það er mat Akureyrarbæjar að þær tillögur sem Vegagerðin hefur þegar gert um styttingu leiðarinnar milli Norðurlands og Suðvesturlandsins sé margfalt hagkvæmari kostur en sú leið sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir og telur að skoðun á öðrum valkostum tefji fyrir hagkvæmari og eðlilegum samgöngubótum sem eru allri þjóðinni til heilla. Jafnframt er bent á að ef til eru fjármunir til að setja í framkvæmdir eins og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, væri nærtækara að setja sömu fjárhæð í uppbyggingu vega sem tengja landshluta og þannig styrkja og efla atvinnulíf og ferðaþjónustu þeirra landshluta sem í hlut eiga og þjóðarinnar allrar. Í þessu sambandi er rétt að minna á að félag í eigu Akureyrarbæjar og fleiri aðila, Norðurvegur, er að skoða möguleika á byggingu vegar milli Suður- og Norðurlands um Kjöl og er allt sem bendir til að sú framkvæmd sé miklu hagkvæmari en sú leið sem þingsályktunartillaga fjallar um.

Virðingarfyllt
f.h. Akureyrarbæjar

Kristján Þór Júlíusson
bæjarstjóri



Byggðastofnun
Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 132/1553
komudagur 7.4.2006

Dagsetning 7. apríl 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um legu þjóðvegur nr. 1, 84. mál.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur eðlilegt að við allar stærri vegaframkvæmdir fari fram ítarleg greining og samanburður á mögulegum leiðum milli staða. Stofnunin telur að þar beri að taka tillit til áhrifa vega á byggð og atvinnulíf, auk þess að meta beina arðsemi einstakra framkvæmda.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði
Byggðastofnunar.

Alþingi
Erindi nr. P 132/2057
komudagur 24.4.2006

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um legu þjóðvegur nr. 84. mál

Til: Samgöngunefndar Alþingis

Frá: Hólaskóla

Hólaskóli fagnar umræðu um nýja legu þjóðvegur sem fjallað er um í tillögunni. Það eru margvísleg rök sem styðja þennan nýja veg. Við bendum sérstaklega á tvo þætti sem varða göng undir Tröllaskagann:

Í fyrsta lagi munu slík göng tengja saman með afgerandi hætti stór atvinnusvæði, annars vegar Eyjafjörð og Skagafjörð og Húnavatnssýslur hins vegar. Fullljóst er að slík tenging mun hafa mikil áhrif á þróun atvinnulífs, samfélags og byggða á Norðurlandi í heild.

Í öðru lagi varðar málið uppbyggingu háskólastarfs á svæðinu mjög mikið. Nýr vegur myndi tengja Hólastað með kraftmiklum hætti við byggðir á Norðurlandi. Með göngum yrði fjarlægð milli Hóla og Akureyrar einungis um 59 km sem skapar alveg nýjar forsendur í samstarfi Háskólans á Hólum og Háskólans á Akureyri. Samstarf þessara skóla er nú þegar mikið en mundi eflast mikið með meiri landfræðilegri nálægð. Efling háskólastarfs og þekkingarsamfélags er ein meginforsenda farsællar byggðapróunar og umrædd samgöngubót mundi hafa mjög hvetjandi áhrif á slíka eflingu.

F.h. Hólaskóla Háskólans á Hólum
Skúli Skúlason
rektor



Alþingi
Erindi nr. P 132/2058
komudagur 2.5.2006

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Alþingi
150 Reykjavík


Hvammstanga 27. apríl 2006

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um legu þjóðvegur nr.1, 84. mál.

Á fundi stjórnar SSNV, sem haldinn var 25.apríl sl, var tillaga til þingsályktunar um legu þjóðvegur nr.1, 84. mál, tekin til umsagnar. Stjórn SSNV mælir með að tillagan verði samþykkt. Einnig vill stjórnin benda á ályktun frá 12. ársþingi SSNV sem haldið var í Héðinsminni dagana 27. og 28. ágúst 2004, en þar ályktaði ársþingið m.a. svo hljóðandi "SSNV leggur til að þegar verði farið í að kanna hagkvæmni á gerð jarðgangna milli Hjaltadals og Hörgárdals" Stjórnin ítrekar hér með ofangreinda ályktun.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt


Jakob Magnússon,
framkvæmdastjóri SSNV.



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkróki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netf.: skagafjordur@skagafjordur.is • Kt.: 550698-2349 • Vsknr. 60077

Alþingi
Erindi nr. P 132/1567
komudagur 10.4.2006

Sauðárkróki, 06.04.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

MÁLEFNI: Tillaga til þingsályktunar um legu þjóðveggar 1

Á fundi Byggðarráðs Skagafjarðar þann 4. apríl. sl. var lagt fram bréf, dagsett 21. mars 2006, frá Samgöngunefnd Alþingis um umsögn við þingsályktunartillögu um legu þjóðveggar 1 um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð. Áður á dagskrá 28. mars sl.

Byggðarráð telur að þingsályktunartillagan sé tímabær og hvetur til þess að farið verði að huga að rannsóknum á áhrifum þess að gera jarðgöng milli Hjaltadals og Hörgárdals með það að markmiði að styrkja Skagafjörð sem byggðarkjarna.

Afgreiðsla þessi var síðan staðfest af Sveitarstjórn Skagafjarðar á fundi þann 6. apríl 2006.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjóra:



Skagafjörður

E. M. Sigurðardóttir

Engilrúd M. Sigurðardóttir

Alþingi
Erindi nr. P 132/1579
komudagur 11.4.2006



10. apríl 2006
ÓHB/sj

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Varðar 84. mál, þingsályktunartillögu um legu þjóðvegur númer 1

Vísað er til bréfs samgöngunefndar, dagsetts 21. mars 2006.

Umferðarráð hefur ekki komið saman til fundar frá því að bréf nefndarinnar barst. Stjórn ráðsins ákvað því að senda fulltrúum í Umferðarráði erindið til umsagnar í tölvupósti. Enginn þeirra gerði athugasemd við þingsályktunartillöguna.

Mikilvægi góðra vegasamgangna, þar sem m.a er tekið tillit til umferðaröryggis, vegalengda og vetraraksturs, er að mati stjórnar Umferðarráðs ótvírætt. Með hliðsjón af því gæti sérstök úttekt, þar sem bornir eru saman bestu kostir á legu þjóðvegur númer 1 um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð, því án efa orðið lóð á vogarskál aukins umferðaröryggis. Hlýtur þá að vera við það miðað að nýir vegir verði hannaður með það að leiðarljósi að þeir verði öruggari en þeir gömlu, m. a. með tilliti til þeirra þátta í umhverfi vega sem áhrif hafa á umferðaröryggi. Í því sambandi vísar stjórnin enn á ný á kafla 7.4.2 í Umferðaröryggisáætlun 2002 til 2012, en þar stendur:

„Ein aðalorsök umferðarslysa á þjóðvegum er útafakstur. Þar sem umhverfi vega er hættulítið verða afleiðingarnar venjulega ekki miklar. En þar sem eru t.d. brattir fláar, stórir steinar, hraun eða skurðir má búast við að afleiðingar útafaksturs verði alvarlegar. Þess vegna er áriðandi að mati starfshópsins að veghaldari sjái til þess að umhverfi veganna sé sem hættuminnst. Gera þarf áætlun er miði að því að bæta umhverfi veganna. Til þess þarf mikið fjármagn og þyrfti að eyrnamerkja fjárveitingar til þess sérstaklega í vegáætlun. Gera þarf sérstakt átak í því að verja vegina gegn búfé. Gera þarf endurbætur á vegum og götum og umhverfi þeirra sem miða að því að gera þá sem öruggasta og minnka eins og kostur er meiðsl þegar óhapp verður.“

Stjórn Umferðarráðs álitur að aukin þekking á mismunandi aðstæðum í vegakerfmu og valkostum í leiðavali sé líkleg til að stuðla að því meginmarkmiði Umferðarráðs að auka öryggi vegfarenda. Kröfur til nútímavega eru verulega breyttar frá því sem áður var. Stjórnin er þeirrar skoðunar að við hverja nýframkvæmd og lagfæringu á þjóðvegi 1, og öðrum vegum með mikilli umferð, eigi að skoða hvort viðkomandi vegarkafli eigi ekki a.m.k. að vera svokallaður 2+1 vegur með víravegriði á milli akstursstefna, og öryggissvæðis í formi nægilega breiðra vegaxla.

f.h. Umferðarráðs,

Óli H. Þórðarson
formaður

Alþingi
Erindi nr. P 132/1592
komudagur 12.4.2006



Nefndasvið Alþingis
Ingvar Þór Sigurðsson, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. apríl 2006
Tilvísun: 2006030051/90.12
JR/BH
21.03.2006

Efni: Þingsályktun um legu þjóðvegjar 1, þskj. 84 - 84. mál.


Óskað hefur verið eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint mál.

Við skoðun á núverandi legu þjóðvegjar 1 um Austur - Húnavatnssýslu og Skagafjörð er ljóst að unnt er að gera verulegar breytingar á honum á tveimur stöðum. Í fyrsta lagi mætti leggja veginn nálægt núverandi Reykjabraut, byggja nýja brú á Blöndu og tengja núverandi Hringvegi í ofanverðum Langadal. Þessi breyting stytir veginn um 15,5 km og kæmi sú stytting til góða fyrir alla vegfarendur milli innanverðs Skagafjarðar og austar (Akureyri meðtalin) og svæða sunnan og vestan Reykjabrautar. Vegalengd til og frá Blönduósi yrði óbreytt og áfram yrði styst að fara um Þverárfjall ef farið er milli Sauðárkróks og Reykjavíkur. Nokkuð öruggt er að hagkvæmt væri að gera þessa breytingu á veginum.

Í öðru lagi mætti hugsanlega breyta legu vegarins í Skagafirði, sem hefði í för með sér 3,5 km styttingu fyrir umferð milli svæða austan Skagafjarðar og vestan Reykjabrautar. Hagkvæmni þessarar styttingar er óljós.


Í tillögunni er talað um nýja leið á milli Blönduóss og Akureyrar. Liggur hún um Þverárfjallsveg, Sauðárkrók, yfir Hegranses, inn Hjaltadal, í göngum undir Hjaltadalsheiði, norður Hörgárdal til Akureyrar. Á þessari leið þyrfti nýjan veg og jarðgöng frá brúnni á Austurósi Héraðsvatna að Hringvegi nálægt Bægisá, alls um 63 km, samkvæmt lauslegri skoðun. Reiknað er með 16,5 km jarðgöngum og 46,5 km löngum vegi. Gangamunnar yrðu í 350 m hæð y.s. annars yrðu göng mun lengri. Þessi leið er um 386 km á milli Reykjavíkur og Akureyrar og kostnaður gæti verið 13 - 15 mia. kr. Hún liggur yfir einn fjallveg, Þverárfjallsveg, um 320 m háan. Athyglisvert er að göngin liggja hærra en Þverárfjallsvegurinn.

Vegalengd um núverandi þjóðveg 1 milli Akureyrar og Reykjavíkur er 388 km en gæti orðið 373 km eða jafnvel 369 km miðað við áður nefnda möguleika á styttingum. Vegalengd um fyrrnefnd göng gæti orðið um 386 m.kr. og því nokkuð ljóst að sú leið yrði ekki hagkvæm fyrir umferð milli svæða vestan Reykjabrautar og innanverðs Skagafjarðar og austar. Umferð milli Blönduóss og Akureyrar hefði litilsháttar hag (2 km) af göngunum.



Hins vegar kæmu þau til með að stytta leiðina milli Akureyrar og Sauðárkróks úr 120 km í 95 km. Mjög ósennilegt er hins vegar að það réttlætti svo mikla fjárfestingu.

Virðingarfyllt



Jón Rögnvaldsson,
vegamálastjóri.